



Alþjóðasamband Íslands

21. júní 2023

Ályktun vegna umræðu um fólk á flóttu

„Miðstjórn ASÍ harmar þá stefnu sem umræða um fólk á flóttu hefur tekið undanfarna daga. Að stilla fólk á flóttu upp sem byrði á íslensku samfélagi er ekki umræðunni til framdráttar og einungis til þess fallið að skapa sundrung og óvild gagnvart allra berskjölduðustu hópum samfélagsins.

Álag á innviði samfélagsins, á heilbrigðis- og skólakerfi, félagsþjónustu og ekki síst, húsnæðismarkað, er uppsafnaður vandi sem vel hefði mátt bregðast við fyrr. Stjórnmalafólk ber ábyrgð á að hér séu sterkir innviðir og það er grátlegt að ráðherrar í ríkisstjórn reyni að skorast undan þeirri ábyrgð með því að gera fólk á flóttu að blóraböggli fyrir því neyðarástandi sem til dæmis ríkir á húsnæðismarkaði. Ísland er hluti af alþjóðasamfélaginu og hefur um árabíl notið góðs af framlagi aðflutts launafólks til samfélagsins. Innflytjendur hafa auðgað samfélagið og aukið velsæld, hér á landi eins og annars staðar.

Sem þátttakandi í alþjóðasamfélagi getur Ísland ekki skorast undan skyldum sínum gagnvart fólk á flóttu.

Miðstjórn ASÍ hefur áður bent á mikilvægi þess að greiða götur umsækjenda um alþjóðlega vernd á löglegan vinnumarkað. Þá er nauðsynlegt að stytta verulega vinnslutíma umsókna um alþjóðlegavernd. Eins þarf að fjárfesta í inngildingarverkefnum sem styðja flóttafólk í að fá góð störf við hæfi.

Miðstjórn ASÍ skorar á stjórnvöld að axla ábyrgð á því verkefni sínu að tryggja sterka innviði og mannúðlegan húsnæðismarkað og forðast ómálefnalega umræðu um fólk á flóttu, en slík umræða er hættuleg og ekki til þess fallin að skapa hér gott samfélag.“